
STARFSÁÆTLUN TÓNLISTARSKÓLA HÚNAÞINGS VESTRA
2024 - 2025



Starfsáætlun Tónlistarskóla Húnaþings Vestra 2024 -2025

Efnisyfirlit

1. LEIÐARLJÓS	3
2. HELSTU VERKEFNI	3
Innskráning nýrra nemenda og stundatöflugerð.	3
3. INNRA STARF	3
4. FAGRÁÐ, NEFNDIR OG VINNUHÓPAR	4
5. MEGINVERKEFNI OG ÁHERSLUATRÍÐI NÆSTA ÁRS (2023)	5
6. LYKILTÖLUR/MÆLIKVARÐAR	6
7. ÞRIGGJA ÁRA ÁÆTLUN	7

1. LEIÐARLJÓS

Leiðarljós tónlistarskólans er að þjóna helstu þörfum og væntingum samfélagsins til tónlistarlífs. Skólinn sinnir nemendum á öllum skólastigum og leitast við að mæta þörfum fullorðinna eins og hægt er hverju sinni.

Markmið skólans

- Að reyna að koma til móts við þarfir og væntingar þeirra sem hafa áhuga á tónlist.
- Að sýna í öllu starfi fagmennsku, jákvæðni og þjónustulund og gæta jafnræðis.
- Að starfsfólk tónlistarskólans vinni saman sem samstilltur hópur að markmiðum skólans.
- Að leitast við að efla framúrskarandi þjónustu með sameiginlegri endurmenntun starfsfólks.

2. HELSTU VERKEFNI

Meginhlutverk tónlistarskólans er að efla tónlistarlíf og auka menningarvitund íbúa.

Meginverkefni tónlistarskólans er að bjóða upp á hljóðfæra-, söng- og tónfræðináms til einstaklinga.

- Kennsla á hljóðfæri, í söng, tónfræði og tónheyrn sem leiðir til prófs og jafnvel útskriftar.
- Kennsla á hljóðfæri, í söng, tónfræði og tónheyrn þar sem nemendur líta á tónlistariðkun sem áhugamál.
- Samspilsverkefni mismunandi aðila og hópa m.a. söngur, hljómsveit o.s.frv.
- Haldnir eru tónleikar fyrir júl og að vori.
- Á skólaárinu 2024-2025 er stefnt á forelda- og nemendakönnun. Könnun verður lögð fyrir foreldra nemenda yngri en 18 ára og fyrir nemendur sem eru 18 ára og eldri.

Yfirlit yfir starfsemi síðasta árs

Á síðasta skólaári 2023 - 2024 fór skólastarf að flestu leyti fram með hefðbundnum hætti. Eftir nokkurra ára hlé var boðið upp á forskóla á haustönninni. Nýjung var að kenna söng í litlum hópum. Á vorönn komu upp forföll sem var áskorun fyrir skólann að leysa úr en með tilfærslum þá gekk það vel upp að lokum. Nokkrir minni tónleikar voru haldnir yfir veturinn þar sem foreldrum var boðið en einnig tónleikar þar sem nemendur hlusta hver á aðra. Jólatónleikar og vortónleikar voru á sínum stað í desember og maí. Þar er leitast við að allir nemendur skólans komi fram, einir eða taki þátt í samspili með öðrum. Einn nemandi lauk framhaldsprófi í söng og einn nemandi lauk grunnprófi á harmonikku í lok skólaárs.

Innskráning nýrra nemenda og stundatöflugerð.

Almennt er miðað við að innritun sé að vori fyrir næsta skólaár. Í apríl 2025 verður opnað fyrir innritun skólaárið 2025-2026. Gert er ráð fyrir því að foreldrar og nemendur fái að vita um kennara í byrjun júní fyrir komandi skólaár með þeim fyrirvara að vitað sé hverjir kenni við skólann á komandi hausti.

Innritun fer fram á heimasíðu skólans.

Starfsmenn 2024-2025

Starfsmaður	Starfsheiti	Kennslugrein
Aldís Olga Jóhannesdóttir	stundakennari.3,5 klst.	Þverflauta
Elísabet Eir Steinbjörnsdóttir	stundakennari 2 klst	Píanó
Elvar Logi Friðriksson	kennari 50%	Söngur
Guðmundur Hólmur Jónsson	kennari 100%	Gítar og trommur
Heiðrún Nína Axelsdóttir	kennari 60%	Píanó og þverflauta
Pálína Fanney Skúladóttir	skólastjóri 100%	Píanó, tónfræðigreinar
Sigurður Alfonsson	stundakennari 0,5 klst	Harmonika
Valdimar H. Gunnlaugsson	kennari 50%	Trommur, forskóli og hljómsveit

3. INNRA STARF

Tónlistarskóli Húnaþings vestra sinnir eftirfarandi verkefnum:

- Gerð kennsluáætlana og útfærslur á námsefni fyrir einstaklinga.
- Viðburðir tónlistarskólans.
- Samstarf við grunnskóla, leikskóla og Foreldra- og vinafélag tónlistarskólans.
- Fjárhagsáætlunargerð.

- Starfsáætlunargerð.
- Samvinna við aðra tónlistarskóla og Félag tónlistarskólakennara.
- Upplýsingagjöf tónlistarskólans og sameiginleg vefsíða grunnskóla og tónlistarskóla.
- Skjalavarsla vegna erinda og mála sem eru til umfjöllunar og afgreiðslu.
- Sjá til þess að gögn er varða námsferil nemenda séu geymd í möppum og í skjalaskáp.
- Umsjón með útleigu á hljóðfærum og tækjum.
- Kaup á bókum, hljóðfærum og tækjum.
- Símenntun kennara tónlistarskólans.

4. FAGRÁÐ, NEFNDIR OG VINNUHÓPAR

Tónlistarskólinn er í samstarfi við fjölmarga aðila, hópa og samtök. Sumt á sviði stjórnsýslu og annað á sviði menningar og/eða innra starfs. Dæmi um þessa samvinnu:

- Sveitarstjórn
- Grunnskóli
- Nemendaráð
- Fræðsluráð.
- Leikskóli.
- Foreldra- og vinafélag Tónlistarskólans
- Starfs- og kjaranefnd (Kennarasamband Íslands, Félag Tónlistarskólakennara, Félag Íslenska Hljómlistarmanna, STEF)
- Jákvæður agi.
- Heilsueflandi samfélag.
- Menntastefna Húnaþings vestra.

5. MEGINVERKEFNI OG ÁHERSLUATRÍÐI NÆSTA ÁRS

Mannauður:

- Ráða til frambúðar kennara sem henta þörfum nemenda.
- Svæðisþing/ráðstefna tónlistarskólakennara.
- Stimplun kennara á vinnutíma í vinnustund.
- Starfsmannaviðtöl.

Stefnumörkun:

- Aukin samvinna tónlistarskóla og grunnskóla og leikskóla.
- Halda mánaðarlega fundi með kennurum skólans.
- Vinna að starfsáætlun Tónlistarskóla Húnaþings vestra.

Fjármál og rekstur:

- Eignaskráning lausafjármuna.
- Skráning á útleigðum hljóðfærum.

Listræn verkefni:

- Sérverkefni þar sem öll börn á yngsta stigi annars vegar og miðstigi hins vegar vinna skipulega með tónlist í afmarkaðan tíma óháð því hvort þau eru skráð í nám við tónlistarskólann.
- Auka vægi samspils og tónfunda til að auka sýnileika tónlistarskólans.
- Efla almennan söng meðal barna og starfsfólks í grunn og tónlistarskóla.

Fastir viðburðir:

- Jóla- og vortónleikar tónlistarskólans
- Áfanga- og stigspróf

6. LYKILTÖLUR/MÆLIKVARÐAR

Lykiltölur	2021-2022	2022-2023	2023 - 2024	2024 - 2025
Fjöldi starfsmanna	4	8	8	8
Fjöldi stöðugilda		3	3,5	3,7
Kynjahlutfall starfsmanna	50/50	50/50	50/50	50/50
Meðalstarfsaldur		7	7	5
Fjöldi nemenda (einstaklingar)		73 á vorönn 2023	76 á vorönn 2024	81 á haustönn 2024
Fullt nám		35	41	53
Mið- og framhaldsnám		1	2	2
Grunnnám		72	74	79
Forskóli			haustönn 7 nem.	7
Hálft nám		52	50	21
Hóptimar hljóðfæri/söngur				23
Hljóðfæri í eigu skólans:	0			
Píanó		4	4	
Flygill		1	1	
Rafmagnspíanó		1	1	
Harmonikka		3	3	
Rafmagnsgítar		1	1	
Rafmagnsbassar		2	2	
Bassamagnari		2	2	
Gítarmagnari		2	2	
Hljóðkerfi		1	1	
Hljóðnemar			9	
Klassískur gítar		4	4	
Ukulele		10	10	
Trommuset		2	2	
Minni ásláttarhljóðfæri				
Þverflautur		6	6	
Blokkflautur		16	16	
Klarinett		6	6	
Cornet		3	3	
Trompet				
Túpa		2	2	
Saxafónn		2	2	
Básúna		2	2	
Kontrabassi + bogi og poki		1	1	
Fiðlur		9	9	
Selló		3	3	
Sílafónn - stór á standi		1	1	
Fjárhagsáætlun	(2022) 38.312.964	(2023) 38.312.964	(2024) 41.388.205	

Stefnt er að því að setja inn fleiri liði í lykiltölur úr rekstri í starfsáætlun 2023-2024.

7. ÞRIGGJA ÁRA ÁÆTLUN

- Endurnýjun og viðgerðir hljóðfæra.
- Undirbúningur hópanámskeiða og fjölbreyttari nálgun í tónlistarkennslu.
- Virkja nemendur í samspili og bjóða upp á fasta hóptíma í Hljómsveitarspili.
- Taka í notkun nýja aðalnámskrá sem kemur út haustið 2024.
- Vera með sameiginlegt námskeið með Tónlistarskóla A - Hún. fyrir kennara beggja skóla.
- Efla áhuga á almennum söng fólks á öllum aldri í samfélaginu með árvissum samsöng þar sem tónlistarskólinn er leiðandi í verkefninu.

Pálína Fanney Skúladóttir

Skólastjóri tónlistarskóla Húnaþings vestra